

1995

Fimmtudaginn 13. október 1994.

Nr. 391/1992.

Sigfús Sveinsson

(Sigurður Georgsson hrl.)

gegn

Skipaviðgerðum hf.

(Jón Hjaltason hrl.)

og gagnsök

Skaðabætur. Vinnuslys. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. október 1992 og krefst þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 1.785.508 krónur með einföldum sparisjóðsvöxtum frá 13. apríl 1985 til 22. maí 1992, eins og nánar er tilgreint í kröfugerð, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en honum var veitt gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti 17. nóvember 1992.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 19. október 1992, og krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að kröfur aðaláfrýjanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti felldur niður.

I.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Í bréfi Siglinga-málastofnunar ríkisins 3. desember 1991 kemur fram, að aðaláfrýjandi starfaði á árunum 1980 til 1986 við smíði, viðgerðir og breytingar á bátum úr trefjaplasi með samþykki stofnunarinnar. Ofsagt er því í forsendum hins áfrýjaða dóms, að aðaláfrýjandi hafi haft „lög-gildingu sem verkstjórnandi við plastbátaframleiðslu“. Þá kemur fram í bréfi Vinnueftirlits ríkisins til lögmanns aðaláfrýjanda 4. október 1994, að stofnunin hafi ekki gefið út fræðslurit, sem vísað er

til í álitserð matsmannsins Sigurðar Ingvarssonar 9. febrúar 1990. Hins vegar hafi hún notað sænska staðla um króka og stroffur við kennslu á námskeiðum um vinnu á krönum. Ekki er fram komið í málinu, að aðaláfrýjandi hafi sótt slíkt námskeið.

II.

Aðaláfrýjandi byggði málsókn sína í upphafi á því, að orsök slyss þess, sem hann varð fyrir við vinnu sína hjá gagnáfrýjanda 13. apríl 1985, hefði verið sú, að öryggislás í krók hefði gefið sig með þeim afleiðingum, að báturinn, sem aðaláfrýjandi var í, féll niður á gólf. Með vísan til niðurstöðu dómkvaddra matsmanna og hins áfrýjaða dóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, verður að hafna því, að slysið megi rekja til þessa.

Við munnlegan flutning málsins í Hæstarétti byggði lögmaður aðaláfrýjanda á því, að aðalorsök slyssins hefði verið vöntun á stálhring, sem vikið var að í matsgerðum hinna dómkvöddu matsmanna, en óumdeilt, er að slíkur hringur var ekki á búnaði þeim, sem notaður var, þegar slysið varð. Í álitserð matsmannsins Aðalsteins Arnbjörnssonar og framburði hans fyrir dómi kom fram, að ráðlegt sé, þegar hífa þarf með gleiðu horni milli stroffa, að tengja þær í stálhring. Gleitt horn milli stroffa kynni að hluta að hafa átt þátt í slysinu, en fleira þyrfti að koma til, svo að líkur væru á, að stroffa hrökkvi fram af krók. Þá sagði matsmaðurinn, að „hnakka-bragð“ hefði getað girt fyrir, að stroffur hrykkju af krók, en ekki endilega útilokað slysið. Fram er komið í málinu, að aðaláfrýjandi notaði ekki slíkt bragð og kvaðst aldrei hafa gert það við hífingar.

Í niðurstöðu hins áfrýjaða dóms er vísað til leiðbeininga Vinnu-eftirlits ríkisins um notkun stálhrings á stroffur, sem nota eigi við hífingar til að jafna átak. Samkvæmt upplýsingum í áður tilvitnuðu bréfi stofnunarinnar höfðu slíkar leiðbeiningar ekki verið gefnar út, og verður að leggja til grundvallar, að engar reglur eða staðlar hafi verið gildandi um þetta, er slysið varð. Vöntun á stálhring verður því ekki virt gagnáfrýjanda til sakar í málinu.

III.

Aðaláfrýjandi hafði verið ráðinn til gagnáfrýjanda til plastbátasmiði skömmu áður en slysið varð. Var hann ráðinn vegna reynslu

sinnar og sérkunnáttu á þessu sviði, en hann hafði áður unnið slík störf hjá Mótun hf. og Plastgerðinni Polyester hf. Gagnáfrýjandi hafði og keypt tæki frá Mótun hf. til plastbátasmíði, þar á meðal umrædd hífingartæki samkvæmt skýrslu aðaláfrýjanda fyrir dómi. Þar kom einnig fram, að hann hefði sótt námskeið á vegum Iðntæknistofnunar á árinu 1980 um plastbátasmíði og hefði haft samþykki Siglingamálastofnunar til verkstjórnar á því sviði. Þá kvaðst hann, áður en til slyssins kom, hafa staðið að hífingu um það bil eitt hundrað báta, og hafi venjan verið sú, að hann væri látinn um það að sjá um frágang á hífingartækjunum, þegar hann á annað borð sá um að taka bát úr móti.

Ljóst er af framansögðu, að aðaláfrýjandi var þaulvanur því verki að taka plastbáta úr móti og þekkti vel þau tæki, er unnið var með. Réð hann því og, hvernig að hífingunni var staðið í umrætt sinn, og gekk frá búnaðinum, áður en híft var. Hvorki framburður hans né annarra, sem gefið hafa skýrslur í málinu, veita vísbendingar um bilun eða galla í búnaði, sem rekja mætti slysið til. Þykja því ekki fyrir hendi þau vafaatriði að þessu leyti, sem eigi að leiða til þess, að ábyrgð á tjóni aðaláfrýjanda verði lögð á gagnáfrýjanda vegna vanrækslu hans á tilkynningarskyldu og þar af leiðandi síðbúinni rannsókn. Verður og að telja, að aðaláfrýjandi hafi litið á sig sem verkstjórnanda. Eru samkvæmt framansögðu ekki efni til að hnekkja þeirri niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, að aðaláfrýjandi verði sjálfur að bera ábyrgð á því, hvernig til tókst umrætt sinn. Verður niðurstaða hans því staðfest. Með vísan til forsendna dómsins verður og staðfest ákvæði hans um málskostnað.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda, þar með talin málflutn-

ingslaun skipaðs talsmanns hans fyrir Hæstarétti, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmans, 150.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

S é r a t k v æ ð i
Guðrúnar Erlendsdóttur og
Hjartar Torfasonar

Slys það, sem aðaláfrýjandi varð fyrir í skipasmíðastöð gagnáfrýjanda, var ekki tilkynnt yfirvöldum með lögbundnum hætti, þótt alvarlegt væri. Hin síðari rannsókn þess hefur ekki leitt til skýringar á öllum atvikum, sem þörf var að athuga, svo sem varðandi almenna verkstjórn og skipulag þeirrar deildar, þar sem áfrýjandi starfaði. Af henni verður þó ráðið, að aðaláfrýjandi taldist ekki til verkstjóra hjá fyrirtækinu, heldur sá hann ásamt öðrum manni um smíði báta úr trefjaplasti, og var starf þeirra tiltölulega sjálfstætt. Hann var ekki faglærður, en vanur þessari vinnu og ráðinn til gagnáfrýjanda vegna reynslu sinnar og kunnáttu. Hins vegar var hann ekki ráðinn samtímis því, að gagnáfrýjandi keypti búnað sinn til þessarar bátasmíði, heldur hafði það gerst nokkru áður.

Aðaláfrýjandi hefur ekki getað skýrt nánustu atvik slyssins, en ein af líklegum orsökum þess er sú, að hann hafi misst jafnvægið þar sem hann stóð um borð í bátskelinni, sem hann var að hífa upp úr steypumóti, og slinkur þá komið á bátinn. Hífingin var varasöm að því leyti, að stroffur til hennar voru ekki búnar stálhringum til festingar á talfukrók, heldur var þeim brugðið yfir krókinn án fyrirstöðu gegn því, að þær rynnu til. Ekki er leitt í ljós, að leiðbeiningar frá Vinnueftirliti ríkisins eða staðlar um notkun stálhringa við hífingar hafi sætt almennri útbreiðslu fyrir þennan tíma. Á hinn bóginn liggur nokkuð í augum uppi, að í notkun hringa við aðstæður eins og þessar fólst bæði einföld og ódýr öryggisráðstöfun, sem átt hefði að nægja til að hindra slysið, ef það varð af fyrrgreindri ástæðu.

Aðaláfrýjanda mátti vera ljós sú hætta, sem verki hans fylgdi, og verður að ætla, að hann hafi ekki gætt hennar nægilega í þetta sinn. Á hinn bóginn verður hann ekki talinn ábyrgur fyrir þeim búnaði, sem notaður var til að lyfta bátnum. Gagnáfrýjandi hefur ekki sýnt

1999

fram á, að unnt sé að meta búnaðinn fullnægjandi, eftir því sem til mátti ætlast. Verður hann þess vegna einnig talinn eiga sök á því, að slysið varð. Er rétt, eins og mál þetta er vaxið, að ábyrgð á slysinu verði lögð á gagnáfrýjanda að hálfu, en að hálfu á aðaláfrýjanda sjálfan.

Samkvæmt þessu á aðaláfrýjandi rétt á fébótum úr hendi gagnáfrýjanda fyrir helming þess fjártjóns og miska, sem rekja má til slyssins, ásamt vöxtum og málskostnaði í héraði og fyrir Hæstarétti. Þar sem niðurstaða meiri hluta dómenda er á þann veg, að gagnáfrýjandi geti ekki talist bótaskyldur, eru ekki efni til að gera þeim þætti málsins nánari skil.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 16. júlí 1992.

I.

Dómkröfur og réttarfar.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 11. júní sl. að undangengnum munnlegum málflutningi, er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja af Sigfúsi Sveinssyni, kt. 190541-4289, Kambaseli 54, Reykjavík, með stefnu, út gefinni 24. júní 1988, en birtri 27. júní 1988, á hendur Skipaviðgerðum hf., kt. 590260-6459, Friðarhöfn, Vestmannaeyjum. Endanlegar dómkröfur stefnanda eru sem hér greinir:

1. Að stefnda greiði stefnanda 1.785.508,00 kr. með 24% ársvöxtum frá 3. apríl 1985 til 11. maí s. á. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Stefnda gerir þær dómkröfur aðallega, að það verði sýknað af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað [...].

Sættir voru reyndar, en reyndust árangurslausar.

Upphaflega höfðaði stefnandi mál þetta fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja með stefnu, út gefinni 24. júní 1988. Í bæjarþingi Vestmannaeyja gekk síðan dómur í málinu 17. mars 1989, en með áfrýjunarstefnu 17. apríl 1989 skaut stefnda málinu til Hæstaréttar. Með dómi sínum 19. mars 1992 vísaði Hæstiréttur málinu aftur heim í hérað með svofelldu dómsorði:

„Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með 16. febrúar 1989 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað aftur heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Áfrýjandi, Skipaviðgerðir hf., greiði stefnda, Sigfúsi Sveinssyni, 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.“

Í forsendum sínum segir Hæstiréttur, að nokkur ný gögn hafi verið lögð fyrir Hæstarétt og meðal þeirra séu álitserðir tveggja matsmanna, sem

dómkvaddir voru að ósk áfrýjanda eftir uppsögu héraðsdóms. Ekki sé fram komið, að við meðferð málsins í héraði hafi verið rætt um nauðsyn þess að fá dómkvadda matsmenn eða að sérfróðir meðdómendur yrðu kvaddir til.

Í forsendum fyrir dómi sínum bendir Hæstiréttur enn fremur á, að í málinu sé deilt um það, hvort bilun eða galli í búnaði stefnda (áfrýjanda) hafi getað valdið umræddu slysi. Sérstök rannsókn hafi ekki farið fram af hálfu Vinnueftirlits ríkisins og rannsókn af hálfu lögreglu ekki fyrr en þremur árum eftir slysið. Hæstiréttur segir síðan, að eins og háttað hafi til, hafi nauðsyn borið til þess, að héraðsdómari kveddi til sérfróða meðdómendur, sbr. 1. mgr. 37. gr. A laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Ný meðferð málsins hófst síðan 25. maí sl. og nú með meðdómsmönnum. Aðalmeðferð með munnlegum málflutningi fór fram 11. júní sl., og eins og að framan greinir, var málið tekið til dóms að málflutningi loknum.

II.

Málsatvik, málsástæður og lagarök aðila.

Hinn 20. febrúar 1985 réðst stefnandi sem plastbátasmiður til starfa hjá hinu stefnda fyrirtæki, sem þá smíðaði plastbáta eftir þar til gerðum mótum. Hinn 13. apríl var stefnandi við störf sín hjá nefndu fyrirtæki og slasaðist þá illa á öklahælbeini vinstri fótar. Var varanleg örorka stefnanda metin 20%, sbr. dskj. 4. Engir sjónarvottar voru að slysinu, og óumdeilt er, að stefnda sinni ekki lögboðinni tilkynningarskyldu til lögreglustjóra og Vinnueftirlits ríkisins skv. XII. kafla, 2. mgr. 81. gr., laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Eins og fram kemur í dómi Hæstaréttar frá 19. mars 1992, fór ekki fram rannsókn af hálfu lögreglu fyrr en rúmum þremur árum eftir slysið, þ. e. sumarið 1988, er málið hafði verið þingfest, en sú rannsókn er nú hluti málsgagna, dskj. 16. Rannsókn lögreglu hefur að geyma myndir af tækjum, sem talið var, að stefnandi hefði notað við störf sín í umrætt sinn, en eigendaskipti höfðu þá orðið á tækjunum, enda hafði stefnda þá hætt plastbátasmiði og selt mótin.

Eins og að framan greinir, varð umrætt slys 13. apríl 1985. Óumdeilt er, að þegar slysið varð, var stefnandi að hífa fiskibátsskrokk úr plastmóti, en síðan átti að koma bátskrokknum fyrir á kerru. Áður en bátskrokkurinn var hífður upp með krafttálú, sem fest var í burðarbita uppi undir lofti smíðahússins, þurfti að ganga frá festingum í bátskrokkinn. Var þessum festingum komið fyrir bæði í fram- og afturhluta bátsins, stjórnborðs- og bakborðshlið. Við hífinguna voru notaðir tveir kaðlar, og var annar fyrir afturfestingarnar, en hinn fyrir framfestingarnar, og var köðlunum síðan brugðið yfir krók í krafttálunni. Á króknum var öryggisglæsing, þ. e. U-laga

smellijárn, sem lokaði krókskjaftinum og þjónaði þeim tilgangi, að það, sem fest var í krókinn, rynni síður fram af honum.

Stefnandi hefur staðfastlega haldið því fram, að öryggislæsingin hafi bilað, þegar á hana reyndi við hífinguna og við það hafi fremri kaðallinn runnið úr króknum og bátskrokkurinn við það fallið niður og hann þá slasast, en stefnandi var um borð í bátskroknum, er hann hífði hann upp úr plastmótinu með krafttaliunni. Upplýst er, að samstarfsmaður stefnanda, vitnið Stígur Sæland Einarsson, hjálpaði stefnanda að ganga frá festingum í bátskrokkinn, og vinnuveitandi stefnanda var þá einnig nærstaddur. Ekki ber stefnanda og vitninu Stígi saman um það, hvort Stígur hafi fundið að því við stefnanda, hvernig hann gekk frá fremri kaðlinum (stroffunni) í krókinn, en athugasemdin á að hafa gengið út á það, að stefnandi notaði ekki hnakkabragð á fremri stroffuna. Með hliðsjón af neitun stefnanda verður að telja ósannað, að Stígur hafi gert athugasemd við vinnubrögð stefnanda að þessu leyti. Fram er komið, að áður en stefnandi tók til við að hífa bátskrokkinn upp úr mótinu, fór hann um borð í bátinn og jafnvægisstillti bátinn með eigin líkamspunga, svo að báturinn væri láréttur við hífinguna. Stefnandi togaði nú í keðjuna, og lyftist báturinn við það úr mótinu, en Stígur og vinnuveitandinn, Kristján, hafi þá ýtt mótinu undan bátinum á venjulegan hátt. Stefnandi hefur bent á, að vegna ónógs rýmis í smíðahúsinu hafi ekki verið hægt að hafa þann vagn inni í smíðahúsinu, sem báturinn hafi átt að fara á, og þess vegna hafi nú Stígur og Kristján farið út fyrir dyrnar til að ná í vagninn. Ekki hefur stefnandi skýringu á því, af hverju reyndi á öryggislæsinguna, en segir sem svo, að með einhverjum hætti hafi framstroffan losnað úr króknum, og við það hafi báturinn fallið í gólfið. Hann hefur upplýst, að þegar hann hífði bátinn upp, hafi hann staðið rétt framan við miðjan bát, en við það, að báturinn skall í gólfið, telur stefnandi fullvíst, að hann hafi henst til í bátnum, því að hann hafi nú legið aftan til í bátnum. Hann fullyrðir, að á þeirri stundu hafi hann séð, að öryggislæsingin hafi verið komin út fyrir krókinn og því óvirk. Stefnandi er með þá tilgátu, að fremri kaðallinn hafi við hífingu gengið til í króknum og öryggislæsingin þá gefið sig og smollið út fyrir krókinn. Ekki vill stefnandi meina, að hann hafi við hífingu fært sig til í bátnum, þannig, að þyngdarhlutföll breyttust og fremri kaðallinn þá smokrast fram af. Ekki sætir það andmælum, að flagghnútur, sem var á fremra kaðlinum, hafi haldið, og þykir mega ganga út frá því, að báturinn hafi skolið í gólfið við það, að fremri kaðallinn fór fram af króknum.

Vitnin Stígur og Kristján Eggertsson, sem höfðu farið út úr smíðahúsinu til að ná í vagninn, sem setja átti bátinn á, komu nú hlaupandi inn í smíða-

húsið, enda höfðu þeir heyrt mikinn hávaða, er báturinn skall í gólfið. Hjálpuðu þeir stefnanda að komast upp úr bátnum. Stefnanda, sem lítið sem ekkert gat stigið í fótinn, var ekið á Sjúkrahús Vestmannaeyja, og samdægurs var hann síðan fluttur á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík. Stefnandi hefur upplýst, að þar hafi hann verið til meðferðar alveg fram í ágúst sama ár, en þá hafi Örn Ingason læknir útskrifað sig þaðan. Eftir þetta gekk stefnandi til dr. med. Brynjólfs Mogensen og síðar Sigurjóns Sigurðssonar bæklunarskurðlæknis.

Við meðferð málsins kom fram hjá stefnanda, að hann taldi það ekki hættulegt verk að hífa bátana upp við þær aðstæður, sem honum voru búnar á vinnustað. Stefnandi upplýsti í því sambandi, að hann hefði fyrir tilgreindan atburð híft eitthvað nálægt hundrað bátum úr mótum og aldrei komið neitt fyrir, en stefnandi kvað jafnan þurfa að gæta að því, að tóg og annað væru rétt bundin og frágangur eins og öruggast mætti teljast. Hann kvaðst vera samþykktur af Siglingamálastofnun sem verkstjórnandi og smiður við plastbátagerð. Í þessu sambandi kvaðst hann hafa sótt námskeið bæði á vegum Iðntæknistofnunar ríkisins árin 1980 og 1985, auk þess sem hann hefði aflað sér faglegra upplýsinga frá framleiðendum og annars staðar bæði um einstök efni og tiltekna verkþætti. Hann kvað Kristján framkvæmdastjóra hafa verið að leita eftir manni í vinnu, sem Siglingamálastofnun samþykkti sem stjórnanda við plastbátasmíði, þegar hann var ráðinn.

Kristján Eggertsson framkvæmdastjóri kvað plastbátasmíði hafa hafist hjá fyrirtækinu árið 1982. Hann sagði, að fyrirtækið hefði hætt plastbátasmíði 1986–1987, og hefði báturinn, sem tekinn var úr mótum í umrætt sinn, verið með seinustu bátunum, sem fyrirtækið hefði framléitt, en alls hefði framleiðslan numið 30 bátum. Lögboðin slysatrygging launþega var fyrirbyggjandi, en starfsmenn voru ekki frekar tryggðir í vinnu með kaupum á frjálsri ábyrgðartryggingu. Ekki kvaðst hann hafa tekið eftir því, að eitthvað væri athugavert við umbúnaðinn, er hann fór ásamt Stígi út úr smíðahúsinu til að sækja vagninn. Hann lýsti aðdragandanum að slysinu þannig, að umræddan laugardagsmorgun 13. apríl 1985 hefðu stefnandi og Stígur farið að vinna við plastbátframleiðsluna. Kvaðst hann hafa komið að, þegar þeir voru byrjaðir að vinna, og hafi stefnandi, sem var um borð í bátnum, híft bátinn úr mótinu og hann aðstoðað við að ýta mótinu undan bátnum, og í beinu framhaldi af því hafi hann og Stígur farið út að sækja vagninn, sem báturinn átti að fara á. Ekki vildi Kristján dæma um það, hvort stefnandi hefði getað farið öðruvísi að við verkið en hann gerði í umrætt sinn, en vísaði til þess, að stefnandi og Stígur hefðu verið fyrrum starfsmenn Mót-

unar hf. í Hafnarfirði, en mótin til plastbátaframleiðslunnar hefðu verið keypt þaðan, er framleiðslan hófst 1982. Þeir hefðu farið sínar eigin leiðir og hagað störfum í samræmi við það, sem tíðkanlegt var hjá Mótun hf., og á honum var að skilja, að hann hefði af þeim ástæðum ekki séð ástæðu til að skipta sér af því, hvernig þeir færu að við verkið.

Vitnið Stígur Sæland Einarsson, sem kom fyrir dóm við fyrri meðferð málsins, sagði, að stefnandi hefði gengið frá festingum í bátinn og komið köðlunum fyrir í krókinn. Vitnið, sem starfað hafði við plastbátaframleiðslu í 8 ár, sagði það alls ekki óeðlilegt, þótt stefnandi hefði verið um borð í bátnum, er hann hífði bátinn upp, og þekkti hann ekki aðrar starfsaðferðir. Áður en vitnið og Kristján fóru út að sækja vagninn, hefðu þeir ýtt mótinu undan, en stefnandi hafði þá verið búinn að hífa bátinn upp. Vitnið sagði, að það ásamt Kristjáni hefði nú farið út til að ná í þann vagn, sem slaka hefði átt bátnum niður á. Þeir hefðu heyrt dyng og þá hlaupið inn og séð þá stefnanda vera að skríða upp úr bátnum. Hann hefði kvartað um að hafa meitt sig á fæti, en báturinn hafði fallið á gólfið. Vitnið taldi, að ef sett væri hnakkabragð á kaðalinn, kæmi það í veg fyrir, að hann rynni til í króknum.

Eins og fram kemur í dómi Hæstaréttar frá 19. mars 1992, dskj. 24, segir m. a. eftirfarandi í matsbeiðni stefnda til bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, dagsettri 10. nóvember 1989:

„Er þess óskað, að hinir dómkvöddu menn yfirfari málsgögn um slysið og skili rökstuddri álitserð, hvernig þeir telji slys þetta hafa orðið, og sérstaklega taki þeir afstöðu til, hvort umrætt slys hefði getað viljað til með þeim hætti, sem greinir í niðurstöðu héraðsdóms.“

Þá segir einnig m. a. eftirfarandi í dómi Hæstaréttar:

„Hinir dómkvöddu matsmenn skiluðu hvor fyrir sig sérstakri álitserð. Ályktanir í þeim fara í bága við forsendur, sem á er byggt í hinum áfrýjaða dómi. Matsmennirnir hafa ekki komið fyrir dóm til þess að staðfesta skýrslur sínar eða fjalla nánar um efni þeirra.“

Í forsendum dóms bæjarþings Vestmannaeyja frá 17. mars 1989, sem Hæstiréttur vísar hér til, segir:

„Þegar það, sem fram er komið í málinu, er virt, verður að telja, að stefnda hafi ekki getað hrakið þá fullyrðingu stefnanda, að öryggislausning í króki þeim, sem notaður var við hífingu á umræddum bátskrokki, hafi bilað, þegar á hann (sic) reyndi. Stefnda bar ábyrgð á því, að tæki þetta væri gallalaust.“

Hinir dómkvöddu matsmenn, Aðalsteinn Arnbjörnsson verkfræðingur og Sigurður Ingvarsson vélamaður, skiluðu, eins og að framan greinir, hvor fyrir sig sérstakri álitserð. Í álitum sínum, sem dagsett eru 9. febrúar 1990,

komast matsmenn að sameiginlegri niðurstöðu um aðalálitaefni málsins, eins og hér verður nánar að vikið.

Matsmaðurinn Sigurður Ingvarsson segir svo í álitinu:

„Eftir að hafa farið yfir málsgögn og skoðað aðstæður í Vestmannaeyjum og krók þann, er notaður var, þegar umrætt slys átti sér stað, þá er það mitt mat, að umrædd öryggislæsing hafi ekki bilað og slys þetta sé öryggislægingu þessari óviðkomandi.

Rök! Það er ekki hlutverk öryggislæsinga í kranakrök að halda neinni byrði né neinum þunga, er leggst á kranakrókinn sjálfan, eftir að búið er að hífa byrðina upp frá jörðu eða þeim stað, er byrðin hvílir á, í þessu tilfelli umræddur bátur. En það kemur fram í málsgögnum, að aðilar eru sammála um, að báturinn hafi verið á lofti og búið að taka mótin undan honum, þegar hann féll niður að framan. Hlutverk öryggislæsinga í krók er aðeins að halda stroffum í króknum, á meðan slaki er á stroffunum, en ekki neinni byrði, er hvílir í króknum. Það er hlutverk kranakróksins að halda byrðinni.“

Í álitinu leggur matsmaðurinn Aðalsteinn Arnbjörnsson mat á, hvort mögulegar orsakir slyssins hafi getað verið eftirfarandi:

1. að öryggislæsing á krók hafi bilað,
2. að stroffa hafi hrokkið út úr krók af öðrum orsökum,
3. að stroffa hafi slitnað,
4. að festingar í bát hafi gefið sig.

Um 1. atriði segir matsmaðurinn Aðalsteinn í álitinu þetta:

„1. Hlutverk öryggislæsinga á krókum eins og þeim, sem til greina koma, að notaðir hafi verið í umræddu tilviki, er að varna því, að stroffur færast fram af krók, þegar slaki er á stroffunum. Þegar álag er á stroffum við hífingu, er hlutverk öryggislæsingarinnar lokið. Styrkur þessara öryggislæsinga er mjög takmarkaður og er engan veginn við það miðaður, að þær standist áraun frá stroffum undir álagi. Það er mat undirritaðs, að biluð öryggislæsing í krók hafi ekki verið orsök slyssins. Hafi öryggislæsing verið óvirk eftir slysið er annarra orsaka að leita. Enn fremur er ekki ástæða til að ætla, að krókur án öryggislæsingar myndi orsaka slys við þessar aðstæður.“

Matsmennirnir hafa komið fyrir dóminn og staðfest álit sín. Það kom fram hjá báðum matsmönnum, að þeir töldu heppilegra sökum vinnusparnaðar að skila álitinu sinn í hvoru lagi, þó að niðurstaða væri fyllilega samrýmanleg. Þeir gátu þess einnig, að fulltrúi bæjarfógeta, hinn sami og sá um að dómkveðja þá, hefði tjáð þeim, að ekki skipti máli, þótt þeir skiluðu álitinu sinn í hvoru lagi.

Þegar þessi atriði eru virt, þykir það ekki rýra sönnunargildi matsgerðar-

innar, að matsmennirnir skiluðu álitum sinn í hvoru lagi, en báðir matsmenn taka í álitum sínum afstöðu til þeirra atriða, sem um er spurt í matsbeiðni og fyrir þá er lagt í dómkvæðingu, þótt matsmaðurinn Aðalsteinn fari ýtarlegar í þau atriði, er snýr að hugsanlegum orsökum slyssins. Þess skal hér getið, að báðir matsmenn benda á, að búnaður til að tryggja örugga hífingu hefði átt að vera í samræmi við það, sem Vinnueftirlit ríkisins mælir með í fræðsluriti sínu. Á það hafi skort, enda hringur eða lás, sem settur er í stroffurnar og upp í krókinn, ekki fyrirbyggjandi. Matsmaðurinn Aðalsteinn bendir enn fremur á, að of gleitt horn milli kaðla, er hífing fer fram, sem og, að breyting verði á jafnvægisstillingu við, að líkamsþungi mannsins fær-ist til í bátnum, geti m. a. valdið því, að fremri kaðallinn hafi farið fram af króknum.

III.

Niðurstæða.

Álitsgerðir matsmanna, sem dómkvaddir voru að ósk stefnda, eftir að dómur gekk í málinu 17. mars 1989, kippa stoðum undan fullyrðingu stefnanda, að slysið megi rekja til bilunar í öryggislæsingum í króki þeim, sem notaður var við hífinguna, en eins og rakið er í dómi Hæstaréttar, var á slíkri forsendu byggt í hinum fyrra dómi. Dómurinn getur þannig fallist á þær röksemdir, sem hinir dómkvöddu matsmenn byggja niðurstöðu sína á. Stefnandi gat þannig ekki, er hann bjó bátinn til hífingar, treyst á, að öryggislæsing í kranakróknum héldi byrðinni. Stefnanda, sem var þaulvanur allri vinnu við plastbátaframleiðslu bar að haga störfum sínum í umrætt sinn með þeim hætti, að hífing á bát úr móti yfir á næsta framleiðslustig færi fram þannig, að ekki væri hætt á, að kaðlar rynnu fram af krók, og að tryggt yrði, að átak yrði alltaf jafnt, þegar á það reyndi við hífingu og slökun. Þeim mun ríkari ástæða var það fyrir stefnanda að gæta ýtrustu varkárni og vandvirkni, þegar haft er í huga, að hann sjálfur var um borð í bátnum, er hífing fór fram, og snögg jafnvægisbreyting við slökun vegna líkamshreyfingar gat haft alvarlegar afleiðingar. Þá verður að telja, að stefnanda, sem sótt hafði námskeið hjá Iðntæknistofnun og fengið löggildingu sem verkstjórnandi við plastbátaframleiðslu, hafi borið að sjá til þess, að framfylgt yrði leiðbeiningum Vinnueftirlits ríkisins um notkun stálhrings á stroffur til að tryggja jafnt átak, en hífa ekki byrðina að öðrum kosti.

Þótt stefnda, eins og að framan greinir, hafi brugðist skyldu sinni að tilkynna lögreglu og Vinnueftirliti ríkisins um slysið, þegar það bar að höndum, þykir hin viðamikla rannsókn, sem síðar hefur fram farið, hafa leitt í

ljós, að orsakir slyssins megi rekja til óvandaðra vinnubragða stefnanda sjálfs. Sýkna verður þannig stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu og leggja alla ábyrgð á orsökum slyssins á stefnanda sjálfan.

Stefnda var í lófa lagið þegar eftir þingfestingu málsins að fá dómkvadda óvilhalla matsmenn til að treysta örugga gagnaöflun, sem var nauðsynleg, eins og hér stóð á. Þetta vanrækti stefnda, allt þar til dómur hafði gengið í héraði. Þótt niðurstaða málsins sé, eins og að framan greinir, afdráttarlaust stefnda í vil, þykir verða með hliðsjón af óskilvirkri gagnaöflun stefnda í málinu, sbr. einnig 3. tl. 1. mgr. 131. gr. laga 91/1991, að dæma, að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

Er aðalmeðferð með munnlegum málflutningi fór fram í málinu 11. júní sl., voru lög nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði ásamt breytingalögum nr. 28/1981 enn í gildi. Meðferð málsins fór því fram fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja, en er dómur er nú upp kveðinn, hafa lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði nr. 92/1989 ásamt lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála verið lögfest og öðlast gildi, en hvor tveggja lögin öðlust gildi 1. júlí 1992. Hinn 1. júlí 1992 hafði dómur ekki enn verið kveðinn upp í málinu. Með því að mál þetta færðist í Héraðsdóm Suðurlands, sbr. I. kafla laga nr. 92/1989 og 1. mgr. 164. gr. laga nr. 91/1991, 1. júlí sl., er dómur nú kveðinn upp í Héraðsdómi Suðurlands, en dómariinn er einn þriggja dómara við þann dómstól. Málið hefur hlotið nýtt málsnúmer í samræmi við á orðna réttarfarsbreytingu, en málið bar áður málsnr. 84/1988.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari og meðdómsmennirnir Bjarni Thoroddsen véltæknifræðingur og Benedikt Guðmundsson skipaverkfræðingur dæma mál þetta. Uppkvaðning dóms í máli þessu hefur tafist nokkuð vegna mikilla embættisanna dómsformanns og röskunar samfara flutningi skrifstofu dómsformanns frá Vestmannaeyjum til Selfoss í tengslum við nýja dómstólaskipan, en gætt var ákvæða 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Skipaviðgerðir hf., kt. 590260-6459, skal vera sýknt af skaðabótakröfu stefnanda, Sigfúsar Sveinssonar, kt. 190541-4289, í máli þessu, en málskostnaður skal niður falla.